



## AÐALSKIPULAG ÁSAHREPPS 2020-2032

Skipulags- og matslýsing

02.03.2020



**VERKNR**

7463-004

**UNNIÐ**

IS/GG

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
1.1	Aðalskipulag	1
1.2	Skipulags- og matslýsing	2
1.3	Tilfni endurskoðunar	2
1.4	Vinnuhópur	3
1.5	Aðferð og framsetning gagna	3
2	ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR	4
2.1	Almenn atriði	4
2.2	Byggð	4
2.3	Atvinna	4
2.4	Þjónustukerfi	4
2.5	Holtamannaafreittur	5
2.6	Umhverfi	5
3	FORSENDUR	5
3.1	Íbúafjöldi og íbúaspá	5
3.1.1	Aldursdreifing íbúa	6
3.2	Íbúðar- og frístundahús	7
3.3	Atvinnulíf	8
3.4	Samgöngur og þjónustukerfi	9
3.5	Náttúruvernd og minjavernd	10
3.6	Náttúruvá	10
4	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	10
5	MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGSINS	12
5.1	Mat á áhrifum	13
5.2	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	14
6	SKIPULAGSFERLIÐ	17
6.1	Kynning og samráð	17
6.2	Drög að tímaáætlun	18



## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Skipulags- og matslýsingin er unnin í samræmi við gr. 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


Ásahreppur er vestasta sveitarfélagið í Rangárvallasýslu. Stærð skipulagssvæðis í byggð er 138 km<sup>2</sup> og skipulagssvæði á Holtamannaafretti er um 2800 km<sup>2</sup>.

Sveitarfélagið er fremur láglent með lágum holtum. Afrétturinn er fremur flatlendur með ávölum bungum. Gróðursæld er á láglandi og má segja að þar sé nær algróið graslendi, mýrlendi og mólendi. Á afréttinum eru lítt gróin svæði sem bera merki uppblásturs og nálægðar við eldfjöll. Í byggð eru Safamýri og Sauðholtsnes á náttúruminjasrá. Friðland Þjósárvera og Vatnajökulspjóðgarður ná yfir hluta afréttarins.

Grunnþjónusta er rekin í samstarfi við nágrennasveitarfélög. Ekkert þéttbýli er í Ásahreppi.

### 1.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag er eitt af fjórum megin skipulagsstigum samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Aðalskipulag inniheldur stefnu sveitarfélagsins um landnotkun og þróun sveitarfélagsins. Stefnan skal unnin af sveitarfélaginu í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna íbúa og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum<sup>1</sup>. Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitarfélagsins. Í því skal m.a koma fram stefna um; landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngur, þjónustukerfi og umhverfismál. Til einföldunar má segja að landnotkun snúist um *hvar á að byggja hvað*, byggðaþróun um *hvar á að byggja næst*, byggðamynstur um *hvernig á að byggja*, samgöngu- og þjónustukerfi um *hvar götur og veitur skulu liggja* og umhverfismál um *hvernig umgangast skuli umhverfi og náttúru*. Þessir þættir skiptast síðan í marga undirþætti sem tengjast innbyrðis á margvíslegan þátt.



MYND 1. Ásahreppur og Holtamannaafretti.

<sup>1</sup> Sjá gr. 4.1.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

## 1.2 Skipulags- og matslýsing

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í skipulagslýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Samkvæmt gr. 4.2.3. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal gera grein fyrir eftirfarandi í skipulags- og matslýsingu:

- Aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðar, áherslum sveitarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar.
- Umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar, þ.m.t. meginþættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta svo sem þeirra sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð.
- Helstu forsendum stefnumörkunar, svo sem byggðarþróun, þ.e. að gera grein fyrir mannfjöldaþróun undanfarinna ára og atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa. Setja fram framtíðarhorfur um byggðarþróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu öllu.
- Áhrifum landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins.
- Tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag ef það liggur fyrir, landsskipulagsstefnu, áætlanir um landnotkun á landsvísu, svo sem um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað, skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, verndar- og orkunýtingaráætlun, verndaráætlanir friðlýstra svæða og aðra stefnumótun sem tengist viðfangsefninu. Lýsa þarf áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina.
- Frekari upplýsingum sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar.
- Skipulagsferlinu, svo sem helstu verkföngum og tímasetningu þeirra og hvernig kynningu, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verði háttað.
- Hverjir fari með þá málaflokka sem áætlunin taki til og eru umsagnaraðilar og hvenær í vinnuferlinu verði haft samráð við þá.
- Hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunarinnar, sbr. 4.4. gr. og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum í endurskoðun aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

## 1.3 Tilefni endurskoðunar

Tilefni endurskoðunar byggist á breyttum forsendum frá gildandi aðalskipulagi og hvernig hefur gengið að fylgja eftir þeirri stefnu sem þar er sett fram. Talsverðar breytingar hafa orðið á forsendum skipulagsins, bæði innan sveitarfélagsins sem og í ytra umhverfi. Yfirlit yfir breyttar forsendur má sjá í kafla

3. Hér að neðan eru tiltekna helstu ástæður fyrir því að sveitarstjórn telur tilefni til endurskoðunarinnar.

- Íbúum hefur fjölgað umfram það sem gildandi skipulag gerði ráð fyrir.
- Ásókn hefur verið í að skipta upp landi og byggja upp á minni spildum (smábýlum), ýmist í tengslum við landbúnað eða án tengsla við landbúnað.
- Ferðaþjónusta hefur eflst og er stunduð á nokkrum bæjum. Ferðamönnum hefur fjölgað mikið. Móta þarf heildarstefnu um málaflokkinn og mögulega ferðamannastaði.
- Yfirfara hvernig stefnan getur stuðlað að leiðum og aðgerðum til að mæta kröfum á sviði umhverfis- og loftslagsmála sbr. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Útfæra þarf hvernig hægt er að kolefnisjafna sveitarfélagið.
- Nokkur áhugi er á minni vindrafstöðvum og er mikilvægt að móta stefnu um slíka uppbyggingu.
- Áhugi er að skoða möguleika á að færa reiðleiðir frá meginvegum og gerð reiðhjólástíga.
- Breytt lagaumhverfi, nýir landnotkunarflokkar skv. skipulagsreglugerð, nýjar áherslur í landskipulagsstefnu.

#### 1.4 Vinnuhópur

Sveitarfélagið skipaði vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulagsins. Í honum eru Ásta B. Ólafsdóttir og Egill Sigurðsson fyrir Ásahrepp. Einnig starfa með vinnuhópnum Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi. Ráðgjafar við skipulagsvinnuna eru verkfræðistofan EFLA.

#### 1.5 Aðferð og framsetning gagna

Nýtt aðalskipulag verður sett fram í greinargerð og á skipulagsuppráttum; sveitarfélagsupprætti, upprætti af afréttinum og skýringaruppráttum, eins og tilefni er til. Allar teikningar verða unnar á stafrænu formi í landupplýsingakerfi. Framsetning skipulagsgagna verður í samræmi við ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Við vinnslu skipulagsins verður tekið mið af þegar samþykktum stefnum sveitarfélagsins og öðrum gildandi áætlunum og stefnum, t.d. á landsvísu, sjá kafla 4. Áhersla verður á að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og nýta þau sem viðmið við umhverfismat og greiningu valkosta. Valkostir verða greindir skv. aðferðum í umhverfismati áætlana sbr. kafla 5. Valkostir verða bornir saman og metnir út frá tilteknum umhverfispáttum og viðmiðum.

Á vinnslustigi skipulagsins verður vefsíða sveitarfélagsins nýtt til samráðs og kynningar auk þess sem haldnir verða kynningarfundir meðan á skipulagsvinnunni stendur, sbr. 6. kafla.

## 2 ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR

Aðalskipulagið verður endurskoðað í heild sinni og stefna yfirfarin og endurmetin í öllum þeim landnotkunarflokkum og málaflokkum sem ástæða er til.

Leiðarljós sveitarstjórnar Ásahrepps í aðalskipulagsvinnunni er að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða. Þetta verði m.a. útfært með skynsamlegri landnýtingu þar sem stuðlað er að sjálfbærri nýtingu vistkerfa og bindingu kolefnis. Orkuframleiðsla sé vistvæn og stuðlað að grænum samgöngum og útivistarmöguleikum.

### 2.1 Almenn atriði

- Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til samþýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.
- Jafnvægi sé milli verndunar umhverfis og náttúru og nýtingar, til heilla fyrir íbúa, atvinnurekendur og gesti.
- Skipulagið taki mið af þörfum íbúa á öllum aldri og skapi góð búsetuskilyrði fyrir alla.
- Skipulagið stuðli að hagkvæmum rekstri sveitarfélagsins og miði að jafnvægi og stöðugleika

### 2.2 Byggð

- Ekki er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum og skoðað verður hvort einhver svæði verða felld út.
- Samræma skilmála um byggingu íbúðarhúsa á landbúnaðarlandi, með það að markmiði að þróunin gangi ekki á gæði sveitarfélagsins til framtíðar, s.s. gott landbúnaðarland.
- Yfirfara stefnu um frístundasvæði og skoða hvort tilefni er til að minnka svæði eða fella út.
- E.t.v. setja fram sólarlagsákvæði á íbúðar- og frístundasvæði. Það er að svæði sem hafa ekki byggst upp né verið deiliskipulögð við næstu endurskoðun aðalskipulagsins verða felld út.

### 2.3 Atvinna

- Skoða skilmála og stefnu um landbúnaðarland, m.a. m.t.t. flokkunar landbúnaðarlands.
- Yfirfara byggingarheimildir á landbúnaðarlandi og hvaða starfsemi skuli heimila á slíkum svæðum.
- Taka saman yfirlit yfir ferðaþjónustu, núverandi stöðu og tækifæri til framtíðar. Móta þarf stefnu um ferðaþjónustu og áningarstaði. Uppbygging innviða í tengslum við áningarstaði. Hafa þarf hliðsjón af Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland og fleiri stefnum á lands- og svæðisvísu.
- Þróun verslunar- og þjónustusvæða verði í takt við fjölgun gesta.
- Yfirfara þarf stefnu um iðnaðarsvæði.

### 2.4 Þjónustukerfi

- Vegir taki mið af því að umferð sé greið og örugg.
- Suðurlandsvegur verði 2+1 vegur.
- Umferðarmannvirki raski umhverfinu sem minnst og rjúfi ekki tengsl byggðar og náttúru.



- Vistvænum samgöngum verði gert hærra undir höfði, m.a. með gerð hjólastíga með Suðurlandsvegi.
- Leitast verði við að færa reiðleiðir frá megin vegum.
- Mörkuð verði stefna um orkuframleiðslu s.s. vindrafstöðvar, vatnsaflsvirkjanir, sólarcellur o.fl.
- Stefna um sorpmál og endurvinnslu verði yfirfarin.

### **2.5 Holtamannaafréttur**

- Landeigendum verði áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttinum.
- Stefna um iðnaðarsvæði, virkjanir og háspennulínu yfir Sprengisand verði yfirfarin.
- Yfirfara stefnu um samgöngur almennt og veg yfir Sprengisand.
- Verndarsvæði, afmörkun, skilmálar og uppbygging.
- Yfirfara stefnu um skálasvæði og uppbyggingu á þeim.

### **2.6 Umhverfi**


- Umhverfismál verði í forgrunni í ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.
- Afmörkun hverfisverndarsvæða og annarra verndarsvæða verður yfirfarin og eftir atvikum endurskoðuð.
- Mótuð verður stefna um loftslagsmál, þar á meðal kolefnisjöfnun, endurheimt og framræslu votlendis, skógrækt og landgræðslu.
- Stefnt verði að aukinni flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.

## **3 FORSENDUR**

Hér er farið yfir helstu forsendur sem stefnumótun aðalskipulagsins mun byggja á. Þetta eru helst breytingar á íbúafjölda, atvinnumál, samgöngur, náttúruvernd og náttúruvá.

### **3.1 Íbúafjöldi og íbúaspá**

Við gerð aðalskipulagsins verður tekið mið af spá um fjölgun íbúa þegar sett verða ákvæði fyrir uppbyggingu í dreifbýli. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að árleg fjölgun íbúa yrði um 2%, m.v. það hefðu íbúar verið um 240 við lok skipulagstímabilsins árið 2022. Þann 1. janúar 2019 voru íbúar Ásahrepps orðnir 248 og hefur fjölgað um 30,5% frá árinu 2010.




**MYND 2.** Fjöldi íbúa í Ásahreppi frá 2005-2019 og spá um íbúaþróun til 2032 (Heimild: Hagstofan 2019).

Á mynd 2 er íbúafjöldi í Ásahreppi framreiknaður m.v. áætlaða meðalfjölgun á landinu öllu, svokallaða lág-, mið- og háspá frá Hagstofunni. Miðað við háspá verður fjöldi íbúa 285 við lok skipulagstímabilsins, árið 2032. Ef hins vegar fjölgunin yrði áfram um 30% yrði fjöldi íbúa 367.

### 3.1.1 Aldursdreifing íbúa

Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að talsverðar breytingar verði á aldurssamsetningu landsmanna á næstu áratugum og er talið að aldraðir verði hlutfallslega fleiri á landsvísu. Á mynd 3 er sýnd aldurssamsetning íbúa í Ásahreppi árið 2010 og 2019. Íbúum hefur fjölgað á flestum aldersbilum.



**MYND 3.** Samanburður á aldursdreifingu íbúa í Ásahreppi árið 2010 (svartar línur) og 2019 (bláar súlur). (Heimild: Hagstofan 2019).


### 3.2 Íbúðar- og frístundahús

Árið 2010 voru skráð 80 íbúðarhús í Ásahreppi hjá Þjóðskrá. Árið 2018 voru þau orðin 94. Skipting íbúða er 85 einbýlishús, fjögur tvíbýli og tvær íbúðir sem eru ekki nýttar sem íbúðarhúsnaði.

Árið 2010 voru skráð 35 frístundahús hjá Þjóðskrá og 34 árið 2018.

Í Lögbýlaskrá 2018 eru skráð 67 lögbýli, 3 jarðir eru skráðar í eyði<sup>2</sup>. Einhver hluti íbúðarhúsa eru ekki lögbýli.

Á mynd 4 er sýnd staðsetning þeirra íbúðarhúsa sem byggð voru í Ásahreppi á árunum 2000 - 2010. Reiknað er með að myndin verði uppfærð í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins.




**MYND 4.** Ný íbúðarhús í Ásahreppi.

### 3.3 Atvinnulíf

Vinnusóknarsvæði fyrir Ásahrepp, skv. skilgreiningu Byggðastofnunar árið 2014, er í grófum dráttum frá Skógum í austri og Selfossi í vestri. Vinnusóknarsvæði er það svæði sem fólk sækir daglega milli heimilis og vinnustaðar og er áætlað af Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögum. Torsótt er að fá gögn um atvinnumál á grunni sveitarfélaga og því er erfitt að fá heildarmynd af skiptingu atvinnu eftir greinum innan sveitarfélagsins eða fjölda starfa í einstökum greinum. Starfsumhverfi hinna ýmsu atvinnugreina hefur breyst mikið undanfarna áratugi, sem og búsetumynstur á Íslandi. Ásahreppur hefur lengst af verið dæmigert dreifbýlissamfélag með landbúnað sem aðalatvinnugrein. Samhliða fækkun starfa í landbúnaði á landsvísu hafa komið til ný atvinnutækifæri. Þeir þættir sem líklega hafa hvað mest áhrif á þróunina er fjölgun ferðamanna sem m.a. veldur því að ferðaþjónusta er orðin

<sup>2</sup> (Þjóðskrá Íslands 2019).

veigameiri þáttur í atvinnulífinu og eru t.d. 11 bæir með rekstrarleyfi fyrir gistingu. Þá sækir talsverður fjöldi íbúa atvinnu utan heimilis.



MYND 5. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014 (Heimild: Byggðastofnun 2014).

### 3.4 Samgöngur og þjónustukerfi

Suðurlandsvegur nr. 1 liggur þvert í gegnum sveitarfélagið og Sprengisandsleið eftir endilöngum afréttinum. Í töflunni hér að neðan sést að umferð um Suðurlandsveg hefur aukist gríðarlega en minna á öðrum vegum og á hálendinu<sup>3</sup>. Í byggðinni eru teknar tölur fyrir ÁDU eða ársdagsumferð, sem er meðalumferð á dag yfir árið. Á afréttinum eru teknar tölur fyrir sumardagsumferð, SDU, sem er meðal-umferð á dag í júní, júlí, ágúst og september.

TAFLA 1. Umferð í byggð og á afréttinum árin 2010 og 2018.

VEGUR	UMFERÐ 2010	UMFERÐ 2018
Suðurlandsvegur austan Þjórsár	ÁDU 2533	ÁDU 4200
Heiðarvegur 284	ÁDU 71	ÁDU 75
Sprengisandsleið 26 við Hrauneyjar	SDU 208	SDU 250
Sprengisandsleið F26 við Vatnsfell	SDU 40	SDU 45
Sprengisandsleið F26 við Nýjadal	SDU 29	SDU 35
Veiðivatnaleið F228	SDU 42	SDU 50

<sup>3</sup> Umferðartölur er fengnar af vefsíðu Vegagerðarinnar 2019.

VEGUR	UMFERÐ 2010	UMFERÐ 2018
Jökulheimavegur F229	SDU 4	SDU 5

Umferð um Suðurlandsveg kallar á að skoða þarf breikkun vegarins til að tryggja betur öryggi vegfaranda. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði 2+1 vegur. Einnig þurfa vistvænar samgöngur að vera öflugar og mikilvægt að möguleiki sé að nýta hjólreiðar til að sækja vinnu ásamt því að reiðhjólástígar nýtist til útivistar og fyrir ferðamenn.

### 3.5 Náttúruvernd og minjavernd

Tvö svæði eru á náttúru-minjaskrá. Eru það Safamýri sem er mikilvægur viðkomustaður farfugla, og Sauðholtsnes sem er samfelt og lítt raskað mýrlendissvæði.

Hluti af Friðlandi Þjórsárvera nær yfir afréttinn og einnig vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Nokkur svæði eru undir hverfisvernd og er í gildandi skipulagi lagt til að votlendi þar verði endurheimt. Á afréttinum eru tvö svæði undir hverfisvernd; annars vegar vegna lítt raskaðrar landslagsheildar og gosminja og hins vegar svæði sem er áhugavert útivistarsvæði. Hverfisverndarsvæði verða endurskoðuð í skipulagsvinnunni m.a. í ljósi þess að betri grunngögn eru nú aðgengileg, s.s. vistgerðarkort og kort af náttúrufríbærnum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi. Nokkrar fornminjar eru friðlýstar og aðrar eru settar undir hverfisvernd.

### 3.6 Náttúruvá

Ásahreppur er á virku gosbelti og líta þarf til mögulegrar hættu af jarðskjálftum og eldgosum.

Greiningar- og viðbragðsáætlanir sem unnar hafa verið og horft verður til við aðalskipulagsvinnuna eru m.a. eftirfarandi:

- Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Heklu.
- Greining á áhrifum flóða í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu.

## 4 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður greint frá tengslum við aðrar helstu áætlanir og hver áhrif landsskipulagsstefnu eru á mótun og forsendur við endurskoðun aðalskipulagsins. Greint verður frá tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum, svo sem áætlanir um landnotkun á landsvísu t.d. um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað. Einnig verður farið yfir aðliggjandi aðalskipulagsáætlanir o.fl. eftir því sem tilefni er til.



TAFLA 2. Tengsl aðalskipulags við aðrar áætlanir.

Stefna	Tengsl við endurskoðun aðalskipulags
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Jafnrétti og velferð íbúa, heilsueflandi samfélag (1-5), nýsköpun og sjálfbærni á sviði nýtingar vatns og lands (6-9, 14-15). Aðgerðir í loftslagsmálum (13) og verndun umhverfis- og menningarminja.
Landsskipulagsstefna	Í landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta. Þeir þættir landsskipulagsstefnu sem sveitarfélagið þarf að taka mið af er stefna um skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifing byggðar. Í viðauka við landsskipulagsstefnu, sem nú er í vinnslu, verður mótuð nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála.
Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028	Uppbygging raforkuflutningskerfisins.
Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	Samræma þarf sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022	Samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022	Samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030	Samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	Samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029	Samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjasrá	Í náttúruverndaráætlun og Náttúruminjasrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Við stefnumörkun verður tekið mið af náttúruverndaráætlun og Náttúruminjasrá.
Samgönguáætlun 2020-2034 Drög að aðgerðaráætlun 2020-2024 í samráðsgátt	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.
Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhita-svæði	Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana og er sveitarstjórnnum skylt að samræma skipulag við áætlunina.
Fjarskiptaáætlun 2019-2033	Stefna sveitarfélagsins samræmist markmiðum um að þjónusta samgöngu- og fjarskipta-kerfa mæti þörfum samfélagsins og að sjálfbærar byggðir séu um land allt.
Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum	Orkuskipti í vegasamgöngum. Átak í kolefnisbindingu og bættri landnotkun – skógrækt – landgræðsla- endurheimt votlendis – kolefnisbinding í samstarfi við bændur og landeigendur. Loftlagsstefna.
Velferð til framtíðar, stefnumörkun til 2020	Stefnumörkun um sjálfbærni í íslensku samfélagi.
Stefnumörkun Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika	Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - Votlendi og önnur svæði inn til lands
<b>Samningar</b>	<b>Tengsl við endurskoðun aðalskipulags</b>
Ramsar-samningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þrjúætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Bernar- samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.
Parísarsamkomulagið og heimsmarkmið um losun gróðurhúsalofttegunda	Markmið samkomulagsins er að stöðva aukningu í útblæstri gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og ná að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C. Samkomulagið gerir ráð fyrir að aðildarríki meti stöðu sína á 5 ára fresti. Fyrsta matið á að fara fram árið 2023.
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd	Að stuðla að verndun villtra fugla.
Verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims	Tryggja að verðmætar menningar- og náttúruminjar verði ekki tortímingu að bráð.
<b>Áætlanir á svæðisvísu</b>	<b>Tengsl við endurskoðun aðalskipulags</b>
DMP áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaáætlun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun.
Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2018	Aðalskipulagið skal taka mið af stefnu fyrir þjóðgarðinn s.s. varðandi þjónustusvæði, samgöngur, verndarsvæði o.fl.
Friðland í Þjórsárverum	Markmið friðlýsingar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera, s.s. vistkerfi, varpstöðvar heiðargæsa, víðernis, landslagsheildar og menningarminja.
Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024	Áhersla á að minnka kolefnisspor, efla lífsgæði og mannlíf blómstri, auka nýsköpun og framleiðni með öflugum atvinnulífi.
Hekluslógar	Markmiðið er að græða upp örfoka land og stöðva þannig sandfok og klæða landið skógi. Notaðar verða innlendar tegundir s.s. birki, reyniviður og víðir.

## 5 MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGSINS

Í þessum kafla er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati á áhrifum af stefnu aðalskipulagsins og helstu áherslum í matinu.

Stefna í aðalskipulaginu fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem eftirfarandi þættir eiga við:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum nr. 105/2006.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000<sup>4</sup>.

Aðalskipulagið er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010, er samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps og markar stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 og 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Orkuframleiðsla, s.s. smávirkjanir, vindorka og sólarcellur

<sup>4</sup> Sjá 1. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.



- Flutningskerfi raforku, m.a. háspennulína yfir Sprengisand
- Stofnbrautir – þjóðvegur 1
- Endurbætur og lega Sprengisandsleiðar
- Efnistaka og efnislosun

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi aðalskipulags Ásahrepps við aðrar áætlanir, stefnur og alþjóðlega samninga í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Yfirlit yfir helstu áætlanir sem um ræðir er að finna í kafla 4.

Mat á áhrifum stefnunnar er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags. Með því móti nýtist matið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að sambærilegum eða betri umhverfisgæðum til handa íbúum Ásahrepps.

Mati á áhrifum stefnunnar er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif af stefnu aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Umhverfismat áætlana er mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnu í mismunandi málaflokkum skipulagsins og til að tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Jafnframt verður umhverfismat áætlana nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar.

### 5.1 Mat á áhrifum

Vinnuhópur og sveitarstjórn munu, með aðstoð ráðgjafa, leggja mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunnar. Í umhverfismatinu verður byggt á matsspurningum um hvern megin umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

- **Umfang:** Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af stefnunni og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif stefnunnar gæti yfir sveitarfélagamörk?
- **Líkur:** Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?
- **Sammögnun áhrifa:** Er líklegt að einstakir stefnuþættir stefnunnar geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið.
- **Áhætta:** Kann stefnan að auka á hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnu sveitarfélagsins, markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, annarri opinberri stefnu, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á endurskoðun skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að breyta stefnunni eða að öðrum kosti að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum.








Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðal- skipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.














## **5.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið**

Í umhverfismati skipulagsins verða eftirfarandi umhverfisþættir til umfjöllunar, eftir því sem við á; samfélag, heilsa og vellíðan, efnahagur, dýralíf, gróður, vatn, náttúruminjar, menningarminjar, landslag, náttúruvá og loftslag.

Í umhverfismati stefnunnar eru settir fram umhverfisvísar fyrir hvern megin umhverfisþátt. Vísarnir byggjast meðal annars á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, viðmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að undirbyggja matið með mælanlegum umhverfisvísnum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla. Í töflu 3 er að finna helstu matsspurningar og þau heimsmarkmið sem lögð verða til grundvallar. Viðmið í töflunni er ekki tæmandi listi og eftir atvikum munu önnur viðmið verða nýtt í vinnunni.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ Í HEIMSMARKMIÐUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
Samfélag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• íbúafjölda eða íbúasamsetningu?</li> <li>• gæði byggðar?</li> <li>• gæði þjónustu við íbúa?</li> </ul>	
Heilsa og vellíðan	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• umferðaröryggi?</li> <li>• lífgæði s.s. aðgengi að opnum svæðum og náttúru?</li> </ul>	
Efnahagur	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• atvinnumöguleika íbúa?</li> <li>• efnisleg verðmæti?</li> <li>• sjálfbæra nýtingu auðlinda?</li> </ul>	
Dýralíf	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• líffræðilegan fjölbreytileika?</li> <li>• dýrategundir sem njóta sérstakrar verndar?</li> <li>• mikilvæg vistsvæði fugla?</li> <li>• svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra?</li> </ul>	
Gróður	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• líffræðilegan fjölbreytileika?</li> <li>• vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar?</li> </ul>	
Vatn	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• vatnsverndarsvæði?</li> <li>• vötn, ár og læki?</li> <li>• votlendi?</li> </ul>	
Náttúruminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• friðlýst svæði?</li> <li>• önnur svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd?</li> <li>• svæði á náttúruminjasráð eða náttúruverndaráætlun?</li> <li>• hverfisverndarsvæði?</li> </ul>	

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ Í HEIMSMARKMIÐUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
Menningarminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• minjar?</li> <li>• friðlýstar minjar?</li> <li>• búsetu- eða menningarlandslag?</li> </ul>	 
Landslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• landslagsheildir sem teljast mikilvægar skv. lögum um náttúruvernd?</li> <li>• yfirbragð byggðar?</li> <li>• verndarsvæði?</li> </ul>	  
Náttúruvá	Verður náttúruvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• íbúðar- og frístundasvæðum?</li> <li>• megin samgönguæðum?</li> </ul>	  
Loftslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• loftgæði?</li> <li>• losun gróðurhúsalofttegunda?</li> </ul>	    

## 6 SKIPULAGSFERLIÐ

### 6.1 Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum í upphafi verks. Almennungi er þar með gefinn kostur á því að koma að sjónarmiðum og ábendingum varðandi efnistöð og vinnslu skipulagsins.

Skipulagslýsingin verður send til umsagnaraðila og þeim gefinn 4 vikna frestur til að koma með ábendingar og/eða athugasemdir við hana.

Helstu umsagnaraðilar vegna lýsingarinnar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landgræðsla ríkisins
- Skógræktin
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa
- Ferðamálastofa
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Þingeyjarsveit
- Eyjafjarðarsveit
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Flóahreppur
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Vatnajökulsþjóðgarður

Samráð verður haft við íbúa og aðra hagsmunaaðila við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verði kynnt á almennum íbúafundi áður en sveitarstjórn tekur aðalskipulagið til fyrstu umræðu, í byrjun árs 2021. Eftir að unnið hefur verið úr athugasemdum sem berast á forkynningartíma verður skipulagið auglýst í sex vikur og íbúum, almenningi og umsagnaraðilum gefst tækifæri til að yfirfara skipulagið og senda inn umsagnir og athugasemdir. Aftur verða umsagnir og athugasemdir teknar fyrir áður en nýtt aðalskipulag verður staðfest af sveitarstjórn og Skipulagsstofnun.

## 6.2 Drög að tímaáætlun

Hér eru sett fram drög að tímaáætlun. Stefnt er að því að nýtt aðalskipulag verði staðfest í árslok 2021.

**TAFLA 4.** Drög að tímaáætlun fyrir skipulagsvinnuna.

	2019-2020	2020	2020-2021		
	Desember - apríl	Máí- október	Nóvember- mars	Apríl- ágúst	September- desember
<b>Áfangi I: Skipulagslýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga</b>					
Skipulagslýsing samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn	■				
Skipulagslýsing kynnt fyrir íbúum	■				
Samráð við hagsmunaaðila	■	■			
<b>Áfangi II: Undirbúningur tillögu og forkynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga</b>					
Fyrstu drög skipulagshugmynda		■			
Umhverfisskýrsla og tillögugerð		■			
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir íbúum			■		
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir aðliggjandi sveitarfélögum			■		
<b>Áfangi III: Samþykkt tillögu og auglýsing skv. 31. gr. skipulagslaga</b>					
Aðalskipulagstillaga samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn				■	
Auglýsing aðalskipulagstillögu				■	
Lokadrög skipulagstillögu				■	
<b>Áfangi IV: afgangið og gildistaka aðalskipulags skv. 32. gr. skipulagslaga</b>					
Yfirferð umsagna og athugasemda					■
Samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					■
Yfirferð Skipulagsstofnunar					■
Gildistaka aðalskipulags auglýst í B-deild Stjórnartíðinda					■